

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

30. árgangur

2008



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2008
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Sumarnámskeið Vífils í 20. sinn



HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!

Framtíðarbók Kaupþings er góð fermingargjöf

Framtíðarbók er verðtryggður sparireikningur sem ber hæstu vexti á verðtryggðum reikningum bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

www.kaupthing.is

444 7000
HRINGDU & PANTAÐU

 **KAUPÞING**

Hugsum lengra

Þrítugasti árgangur !

Fermingarblað Vífils, eitt elsta blaðið í Garðabænum kemur nú út í þrítugasta skipti. Blöðin eru orðin skemmtileg heimild um starf Vífils síðustu þrjá áratugina og verða þau sett á vef Vífils í rafrænu formi.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garða- og Vídalínskirkju ásamt þeim úr Garðabæ sem fermast í Bessastaðakirkju.

Listarnir eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun, en hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma.

Með Fermingarblaði Vífils, sem er alfarið unnið af skátum Vífils, viljum við einnig kynna allt það umfangsmikla starf sem fer fram í Garðabæ.



Fermingarblöðin hafa verið skönnuð inn og verða sett á vef Vífils

Breytingar í skeytasölnunni !

Eftir sölu á skátaskeytum í hartnær þrjá áratugi höfum við skátar í Vífli ákveðið að fara í samstarf við Íslandspóst og kynnum við því hér skeytasölu Íslandspósts í stað okkar skeytasölu. Íslandspóstur er með öflugt sölukerfi á netinu þar sem hægt er að panta skeyti og vonum við að Garðbæingar muni njóta góðs af þessu fyrirkomulagi. Einnig er hægt að panta fermingarskeyti hjá Íslandspósti í síma 1446.

Hátíðahöld á sumardaginn fyrsta

Nú á sumardaginn fyrsta verða hátíðahöld með hefðbundnu sniði. Hvetjum við alla sem fyrr að koma í skátamessu, skróðgönguna að ógleymdu skátakaffinu, sem verður í Hofsstaðaskóla.

Umfangsmikið skátastarf í Vífli

Mikið hefur verið að gera hjá Vífli síðasta árið og var m.a. félagið 40 ára og var mikil hátíðardagskrá í tilefni þess. Aldrei hafa farið fleiri á Alheimsmót skáta frá Garðabæ eins og í fyrra þegar Jamboree var haldið í Englandi. Mörg skátamót voru einnig hérlendis og var m.a. haldið fyrsta Jötnamót Vífils. Ekki má gleyma að Vífill sá um allan undirbúning og framkvæmd hátíðahalda á 17. júní, ásamt því að sjá um sumardaginn fyrsta eins og venjulega. Umsjónarmenn sumarstarfsins fengu að

auki mikinn fjölda erlendra gesta sem komu og fengu að gista í skátaheimilinu, svo mikið hefur verið um að vera eins og venjulega hjá félaginu.

Sumarnámskeiðin slógu nýtt met !

Einn af hápunktum ársins fyrir félagið var sá að Útilífs- og ævintýranámskeið og Smíðavöllurinn voru gríðarlega vel sótt og tókust frábærlega í alla staði.

Sumarnámskeið í 20. sinn.

Auðvitað kynnum við hér í blaðinu okkar vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið, en þau verða haldin í sumar í tuttugasta skiptið og Smíðanámskeið Vífils verður í okkar umsjá í fimmta sinn.

Bestu þakkir !

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega.

Ritstjórinn þakkar sérstaklega fyrir sig, því eftir hátt í aldarfjórðungssetu í ritstjórstóli er aldrei að vita nema hann sleppi takinu af stólnum eftir útgáfu þessa árgangs.

En aldrei skal segja aldrei !

Með skátakveðju,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður
Helgi Grímsson

Ritstjórinn
Björn Hilmarsson
Guðmundur Finnbogason
Gísli Örn Bragason
Hjálmar Örn E. Hinz
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Kristján Andri Gunnarsson
Unnsteinn Jóhannsson
Vigdís Björk Agnarsdóttir
Þorkell Einarsson

Myndir
Myndir úr myndasafni Vífils
og ritstjórnar.

(Fjöldi mynda er einnig
á heimasíðu Vífils, www.vifill.is)

Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, en sterk hefð hefur myndast um hátíðarhöldin í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Vífils alla tíð.

Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 41 árs á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins.

Við hvetjum alla Garðbæinga að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skróðgöngunni og sér Blásarasveitin um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. leiktæki, söng og skemmtiatriði.



Skátakaffi og afmælisökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið viðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar samkvæmt hefðinni. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonum við að við sjáumst sem flest ! Allir Garðbæingar eru hvattir til að koma og taka þátt í hátíðarhöldunum. Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.



Sjáumst !



Krydd
&
Kavíar



Hádegisverðapjónusta

Krydd & Kavíar...og bragðlaukarnir brosa

Sími 824 7731 / 565 9933

www.kryddogkavíar.is



Vátryggingafélag Íslands

PROGOLF

Sími 555 7200 • www.progolf.is

SUND...lættir lund

Auglýsingastofa E Backman



Sundlaugin í Ásgarði hefur allt til alls,

þar er *mjög góð* 25 metra sundlaug,

skemmtileg barnalaug með ýmsum leiktækjum,

tveir *notalegir* heitir pottar og gufubað.

Komdu og nýttu þér þá *glæsilegu* aðstöðu sem er í boði.

Tilvalinn staður fyrir alla fjölskylduna.



Sundlaug Garðabæjar
Íþróttamiðstöðin Ásgarði
sími 565 8066

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga kl. 6:30-22
Laugardaga - sunnudaga kl. 8-18

Hætt er að selja aðgöngumiða
hálf tíma fyrir auglýstan lokunartíma

Yngstu skátar Vífils

Við í Drekaskátum höfum haft að leiðarljósi síðan í haust að verða virkir þegar í samfélaginu og gera góðverk. Á skátafundum höfum við farið í leiki, farið út og skoða náttúruna. Við höfum líka farið í dagsferðir og gíst í skátaheimilinu okkar.

Dagsferðirnar

Strax í haust vorum við heppin að Mosverjar í Mosfellsbænum buðu okkur að koma í heimsókn á Hafravatnsdaginn, en Mosverjar halda hann á hverju ári.

Þar var margt í boði og mikið af skemmtilegum dagskrárliðum (póstum). Til dæmis fórum við á kanó, grilluðum Hikebrauð, renndum okkur í aparólu og fengum fullt af pylsum og heitu kakói. Það var sko ekki amalegt að koma í heimsókn og erum við núna að skipuleggja að bjóða Mosverjum í heimsókn til okkar.

Fórum í félagsútilegna

Einnig fórum við eins og aðrir úr félaginu í Bláfjöll í nóvember.

Þar fengum við að taka þátt í félagsútilegunni. Sem betur fer var búið að snjóa þegar við komum svo að við gátum farið í brekkurnar og rennt okkur og skemmt okkur í snjónum.

Eftir hádegi fórum við svo inn í hlýjuna og tókum þátt í alls konar skemmtilegum smiðjum. Binni kenndi okkur að búa til ýmislegt skátalegt úr leðri og aðrir fóru í leiki.



Um kvöldið var svo frábær kvöldvaka og slógum við heldur betur í gegn með okkar skemmtiatriði.

Þegar klukkan var orðin níu var tími til að halda heim á leið en þá keyrðum við framhjá tókustað fyrir auglýsingu, þar sem var verið að taka upp auglýsingu fyrir Umferðarstofu og vakti það furðu okkar að það væru svona margir sjúkrabílar, slökkviliðsbílar og fleira þarna seint um kvöld í Bláfjöllum. Þegar við loksins komum í Jötunheima voru allir glaðir að sjá mömmu og pabba, því að margir voru farnir að sjá rúmin sín í hyllingum

Árleg "innilega" fyrir jólin

Það hefur tíðkast í nokkur ár að halda innilegu svona rétt fyrir jól og ekki var breyting á því þetta árið.

Nú hvað er gert í þessum innilegum? Jú við reynum að finna uppá eitthverju skemmtilegu að gera til að dreifa huganum svona rétt fyrir jól. Leikir, kvöldvaka og pizzur eru ómissandi þáttur í þessari innilegu okkar.

En einnig höfðum við keypt gjafir sem við svo pökkuðum inn í pappír sem við skreyttum sjálf á. Fórum í strætó í Smáralind og settum pakkana undir Jólatrið Bylgjunnar. Það var frábær upplifun að fá að gefa gjafir til þeirra sem kannski eru ekki eins heppin og við.

Jólabingóíð

Annað árið í röð héldum við bingó til styrktar Önu Karinu „systur“ okkar í SOS þorpi í El Salvadore, en við í Drekaskátum höfum verið að styrkja hana undanfarin ár.

Það voru allir leystir út með vinningum og voru hátt í 100 manns viðstaddir.

Unnsteinn skátaforingi sló alveg í gegn og hlakka allir til næsta jólabingós.

Þá verður klárlega gaman.

Margt framundan

Nú er sumarið farið að nálgast og með hækkandi sólu koma ný og krefjandi verkefni og ný ævintýr.

Við eigum eftir að taka þátt í sumardegnum fyrsta, 17. júní og föstum liðum eins og venjulega. Einnig er á dagskrá að fara á Drekaskátamót í sumar og það verður sko fjör.

Fyrir hönd Drekaskáta Unnsteinn og Vigdís.



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Helgi Grímsson

Aðstoðar félagsforingi

Unnur Flygenring

Ritari

Brynjar Hólm Bjarnason

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Jóhann S. Erlendsson

Ingunn Hallsdóttir



Viltu verða félagi í Skátafélaginu Vífli?
Komdu í Jötunheima við Bæjarbraut
eða hringdu í síma 565-8820 eða
kíktu á www.vifill.is og fáðu nánari upplýsingar



Enginn er betri



Sængur
Koddar
Sængurver
Rúmteppi
Baðsloppar
Gjafavara





Hverjir eru Fornmenn ?

Við hittumst einu sinni í viku og leysum margvísleg verkefni og förum í leiki. Við störfum í fjórum flokkur og heita þeir allir eftir frumbyggja ættbálkum eins Inkar, Aztekar og Mayar.

Margar útilegur

Um helgar förum við í útilegur þar sem við gistum í skálum eða tjöldum jafnt sem sumri sem vetri. Við förum auðvitað í félagsútileguna í nóvember í Bláfjöllum. Þriðju helgina í febrúar förum við í sameiginlega útilegu í Þjórsárver á Suðurlandi. Þema útilegunnar var morðgáta og alla helgina var morðgátu - leikur í gangi. Hann gekk út á það við fengum miða með nafni einstaklings sem við áttum að "drepa" og einnig kom fram hvernig við gátum "drepið" hann. Sem dæmi má nefna var hægt að drepa



einhvern með því að láta hann hoppa þrisvar á einum fæti. Ef maður náði að "drepa" sinn einstakling fékk maður miðann hans og þá nýtt fórnalamb til að "drepa" og þannig hélt leikurinn áfram alla helgina. Þetta var mikið fjör og ýmislegt sem gekk á.

Fjör á fundum

Á skátafundum leysum við fjölbreytt verkefni og vinnum okkur inn perlu fyrir hvert lokið verkefnið. Á síðustu fundum höfum við verið að tálga út skeið sem er eitt af verkefnum fyrir Landsmótið.

Landsmótið í sumar

Í sumar ætlum við að fara á Landsmót skáta á Akueyri, en þar munu koma saman skátar af landinu og einnig erlendir skátar. Áður en við förum á Landsmótið förum við í undirbúnings-



útilegu til að þjálf okkur í tjaldbúðarlífinu. Það er margt sem þarf að huga að til að búa í tjaldi í heila viku. Í undirbúningsútilegunni lærum við að súrta saman trönur og reisa úr því byggingar eins hlið inn á svæðið okkar.

Eitt samfelt ævintýri

Við eldum matinn sjálfir og venjulega gerum við það yfir opnu eldi. Á kvöldin eru kvöldvökur þar sem sungnir eru skátasöngvar og flokkarnir sýna skemmtiatriði. Eftir kvöldvökuna eru svo haldnir spennandi næturleikir þar sem keppt er um að ná ákveðnum hlutum án þess að aðrir sjái til. Það mikið ævintýri og útilíf að vera í skátunum.

Með kveðju frá flokks- og sveitarforingjum.

Salur Jötunheima

Glæsilegur salur í hjarta bæjarins

Salurinn okkar í Jötunheimum getur tekið um 100 manns í sæti og er allt til reiðu fyrir veislur eins og fermingar, brúðkaup, afmæli eða stóra vinnufundi.

Salurinn er mjög vel tækjum búinn með t.d. skjávarpa, sýningartjaldi og alveg frábæru hljóðkerfi.

Allt til alls er í eldhúsinu eins og matarstell, bollar, glös, könnur, diskar, hnífapör og til að auðvelda uppvaskið er stór og mikil uppvöskunarvél.

Einnig er í eldhúsinu eldavel til að hita sósur og rétti.

Úr salnum er glæsilegt útsýni út á Snæfellsnesið og hægt að fara út á svalir og niður í garðinn fyrir neðan.

Salurinn hefur verið vinsæll til útleigu og hvetjum við alla áhugasama til að hafa samband á skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar.



Fermingargjafir fyrir útivistarfólkið

Scarpa gönguskór, svefnpokar,
bakpokar, eldunaráhöld, gps-tæki
og margt fleira. Kíktu við!

www.fjallakofinn.is



**Munið
gjafabréfin
vinsælu!**

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • sími 510 95 05 • www.fjallakofinn.is

Fálkaskátasveitin Forynjur

Forynjur Vífils

Hjá fálkaskátasveitinni Forynjum hefur verið mikið að gera í vetur. Hópurinn samanstendur af hörkuduglegum og skemmtilegum stelpum og hafa þær farið í þrjár útilegur í vetur.

Í september fóru þær í vígsluútilegu í Vífilsbúð ásamt skrákasveitinni, svo fóru þær félagsútilegu og samsveitarútileguna í febrúar og stefna á sveitarútilegu í apríl.

Mikil dagskrá

Stelpurnar hafa ekki setið auðum höndum í vetur. Þær hafa æft sig í útiöldun, eldað á primus, byggt snjóhús, búið sér til einkenni, búið til skjöld, tálgað litla karla, farið í slysaförðun, bakað og haldið vígsluhátið fyrir nýja meðlimi sveitarinnar. Eftir áramótin gerðu þær upp herbergið sitt. Eftir mikið púl og nokkra aukafundi varð verkið tilbúið. Það má með sanni segja að þær lögðu sig mikið fram og er árangurinn í samræmi við það, herbergið þeirra er eitt stórt listaverk.

Bikarhafar Vífils

Í desember unnu stelpurnar bikar fyrir

góðan frágang og umgengi í húsinu.

Að sjálfsögðu ætla þær að halda honum áfram, en það getur verið að málingaslettur og skítugir penslar setji strik í reikninginn.

Stefna norður á Landsmótið

Í sumar ætla stelpurnar að skella sér á Landsmót skáta norður á Akureyri. Mikið þarf að undirbúa fyrir það. Víkingapema verður á mótinu og ætla stelpurnar að búa sér til skikkju og annað víkingatengt fyrir mótið.

Ef það eru einhverjar stelpur sem vilja taka þátt í starfinu með okkur þá er laust fyrir nokkrar í viðbót.

Hildur, Heba og Hrafnhildur



Stelpusveitin



**Viltu koma og vera með í
skemmtilegum hópi í
Skátafélaginu Vífli?**

**Komdu í Jötunheima
við Bæjarbraut
eða hringdu í síma
565-8820 eða
kíktu á www.vifill.is**

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2008

Prestar verða sr. Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur og sr. Friðrik J. Hjartar prestur.

Bessastaðakirkja laugardaginn

29. mars kl. 10:30

Aron Grétar Jafetsson Greniási 10
Margrét Jóhannsdóttir Stekkjarflöt 25

Vídalínskirkja laugardaginn

29. mars kl. 13:00

Andri Már Jónsson Birkiási 10
Anna María Baldursdóttir Bæjargili 45
Axel Þórisson Marargrund 18
Ásta Lára Magnúsdóttir Furulundi 6
Bjarni Guðmundsson Lyngmóum 2
Bjarni Oddleifur Einarsson Lyngmóum 10
Daníel Ingvar Jensen Lyngmóum 9
Davíð Halldórsson Bæjargili 15
Haraldur Gunnarsson Hlíðarbyggð 35
Hilmar Örn Jónsson Birkiási 10
Hinrik Hrafn Marinósson Skríúási 1
Hlynur Jökull Skúlason Eskiholti 3
Hulda Auður Hilmisdóttir Blikanesi 18
Karitas Bjarkadóttir Iðnbúð 5
Kristófer Atli Andersen Melhæð 4
Pétur Örn Sigurbjörnsson Draumahæð 1
Sigríður Dögg Agnarsdóttir Breiðási 2
Sigurbjörn Ari Sigurbjörnsson Hlíðarbyggð 33
Snorri Páll Blöndal Löngumýri 6
Valborg Bjarnadóttir Njálsgötu 19, R.
Vignir Fannar Valgeirsson Ægisgrund 15
Þórhildur Þorleiksdóttir Lindarflöt 8
Þórir Már Davíðsson Brúnási 17

Vídalínskirkja laugardaginn

29. mars kl. 15:00

Alexander Hafþórsson Lindarflöt 46
Baldur Bragi Baldursson Blikanesi 8
Brynjar Theodór Baran Nónhæð 4
Daníel Þór Bjarnason Birkiási 31
Ellen Marta Baran Nónhæð 4
Erik Númi Christiansen Blikanesi 7
Erla Rut Eggertsdóttir Óttuhæð 9
Hrafn Jónsson Aratúni 7
Hrafnkell Númi Katrínarson Hraunhólum 14
Hörður Arge Sveinsson Goðatúni 28
Jóhann Friðrik Karlsson Vífilst.stm.hús. 6
Jónas Þór Bjarnason Holtsbúð 75
Karen Guðmundsdóttir Arnarási 5
Katrín Lára Karlsdóttir Vífilst.stm.hús. 6
Orri Ársælsson Stekkjarflöt 17
Ríkarður Einarsson Fífumýri 1
Starri Friðriksson Súlunesi 8
Sylvía Daðadóttir Súlunesi 26
Unnar Freyr Ásgeirsson Hrísmóum 13

Vídalínskirkja sunnudaginn

30. mars kl. 10:30

Amit Anna Daníelsdóttir Krókamýri 80B
Arna Engilbertsdóttir Kjarrmóum 11
Arnar Kristinn Stefánsson Brúnási 13
Aron Ólafsson Urðarhæð 13
Ásthildur Helga Jónsdóttir Löngumýri 15
Bára Heiðdís Heimisdóttir Löngumýri 4
Birta Dögg Skaftadóttir Brúnási 16
Björg Gunnarsdóttir Lyngmóum 5
Fannar Már Oddsson Ásbúð 2
Gabriel Daði Vignisson Goðatúni 21
Guðlaug Þórdís Guðjónsd. Stekkjarflöt 2
Hallur Aðalsteinn Atlason Reynilundi 2
Hugrún Hlín Guðmundsd. Melási 5
Ísabella Erna Sævarsdóttir Súlunesi 16
Kolbrún Ýr Sturludóttir Hallakri 3
Leifur Örn Eiríksson Hrísmóum 6
Rakel Rún Magnúsdóttir Eikarási 9
Salbjörg Kristín Sverrisd. Hæðarbyggð 28
Sigurjón Guðjónsson Birkihæð 20
Vigdís Víglundsdóttir Bæjargili 116
Vilberg Sigurjónsson Grenilundi 9
Þorkell Máni Viðarsson Ægisgrund 2

Bessastaðakirkja sunnudaginn

30. mars kl. 13:00

Drífa Sóley Heimisdóttir Brekkuási 5
Halldór Örn B. Ragnarsson Kríunesi 14
Hrafnhildur Magney Gunnarsd. Lyngmóum 3
Vera Elísabet Thorsteinsson Faxatúni 12

Vídalínskirkja laugardaginn

5. apríl kl. 10:30

Andrea Bjarnadóttir Draumahæð 5
Andrea Björk Elmarsdóttir Hæðarbyggð 7
Andrea Valdimarsdóttir Rjúpnahæð 4
Atli Fannar Bjarnason Hrísmóum 7
Ásgrímur Gunnarsson Smáraflöt 51
Brynhildur Karlsdóttir Heiðarlundi 7
Brynja Þorsteinsdóttir Sjávargrund 12b
Davíð Ingimarsson Marargrund 13
Einar Páll Tryggvason Mávanesi 1
Eydís Helena Þorvaldsdóttir Evensen
Birkíási 21
Hafdís María Grabowski Martinsdóttir
Hlíðarbyggð 43
Halldór Erik Jan Sverrisson Löngumýri 24a
Haukur Þór Guðjónsson Stekkjarflöt 4
Heiðrún Lind Vignisdóttir Löngumýri 59
Helena Bergsdóttir Óttuhæð 3
Kristján Fannar Leifsson Brúnási 1
Nína Björg Arnarsdóttir Rjúpnahæð 1
Óskar Örn Davíðsson Faxatúni 5
Ragnhildur Róbertsdóttir Melási 8
Rebekka Bjarnadóttir Draumahæð 5
Sandra Hrönn Arnardóttir Ásbúð 43
Sara Karlsdóttir Ægisgrund 6
Sunna Sigurveig Thorarensen Brúnási 6
Willard Nökkvi Ingason Birkihæð 18
Þórir Sveinn Ólafsson Reynilundi 10

Garðakirkja laugardaginn

5. apríl kl. 13:00

Arnbjörg Ella Sigmarsdóttir Sannuflöt 46
Ásta Þóra Gísladóttir Birkiási 6
Brynja Rut Blöndal Rjúpnahæð 3
Davíð Ármann Eyþórsson Urðarhæð 4
Emma Rún Antonsdóttir Lyngmóum 7
Erla Ylfa Óskarsdóttir Smáraflöt 38
Ester Ósk Pálsdóttir Skógarhæð 5
Herdís Gunnlaugsdóttir Skógarlundi 13
Hrannar Tumi Hrannarsson Suðurtúni 10
Írunn Þorbjörg Aradóttir Brekkuási 9
Kristján Andri Gunnarsson Strandvegi 10
Lilja Dís Smáradóttir Faxatúni 3
Ólöf Marý Waage Ragnarsd. Ögurási 8
Pétur Geir Magnússon Bæjargili 97
Unndís Skúladóttir Faxatúni 13
Þorsteinn Jónsson Hæðarbyggð 23

Bessastaðakirkja sunnudaginn

6. apríl kl. 10:30

Alexandra Ýr van Erven Bæjargili 120
Haukur Steinn Helgason Engimýri 6
Kristjana Björk Brynjarsd. Háhæð 10
Lilja Dögg Helgadóttir Engimýri 6

Garðakirkja sunnudaginn

6. apríl kl. 13:00

Anna Gréta Sigurðardóttir Ásbúð 53
Ásta Katrín Viggósdóttir Hrísmóum 9
Björk Magnúsdóttir Tjarnarflöt 5
Bryndís Björnsdóttir Grjótási 2
Elísa Gróa Steinþórsdóttir Móaföt 29
Gréta Björg Unnarsdóttir Bæjargili 119
Guðrún Ósk Kristjánsdóttir Hlíðarbyggð 39
Helena Rut Örvarsdóttir Holtsbúð 69
Kristinn Erlingsson Holtsbúð 21
Nadia Margret Jamchi Ásbúð 49
Ragnheiður Bjarnadóttir Espilundi 10
Sandra Þorsteinsdóttir Efstalundi 10
Urður Rún Guðbergdóttir Eskiholti 7


Garðakirkja sunnudaginn

6. apríl kl. 15:00

Alexandra Elísa Gunnarsd. Blikahöfða 7, M
Axel Örn Jansson Hæðarbyggð 19
Birgir Hans Birgisson Einilundi 10
Fjóra Ósk Þórarinsdóttir Hrísholti 8
Erla Úlfarsdóttir Arnarási 19
Hilmar Ársæll Steinþórsson Eyrarholti 2, Hf
Jóhann Ívar Björnsson Markarflöt 47
Jóhann Leví Jóhannsson Nýjabæ
Jónas Björn Pálsson Markarflöt 12
Leifur Ingimundur Runólfss. Engimýri 2
Nanna Katrín Hannesdóttir Brekkuási 11
Ólöf Októsdóttir Kjarrási 9
Sigurjón Daði Sigurðsson Faxatúni 16
Tryggvi Kalman Jónsson Holtsbúð 15

ATHUGIÐ:

Ekki er tekið við
skeytapöntunum hjá Vífli.
Panta skal í síma 1446
eða á www.postur.is



PÓSTURINN
allur pakkinn

VERÖLD SOFFÍU ER FULL AF VINUM

Sendu þeim sem standa þér nærri heillaskeyti með hamingjuóskum á fermingardaginn. Það er falleg leið til að sýna að þú hugsar til þeirra á hátíðarstundu. Farðu inn á www.postur.is eða hringdu í síma 1446.



Hrollur í Mosfellsbænum...

Hrollur er útivistarkeppni sem Mosverjar halda ár hvert og þar taka skátar þátt í póstaleik, spurningakeppni og fleiru skemmtilegu. Þetta árið tók Vífill þátt og stóð sig bara vel. Keppnin skiptist í marga liði sem eru póstaleikurinn (sem er aðal), spurningakeppni, sleikjukeppni (sem fellst í því að sleikja upp foringjana) og refinn.

Fórum víða

Póstaleikurinn var umhverfis Hafravatn og þar voru margir póstar sem eru nokkurs konar þrautir. Þar á meðal var að draga bíl, púsla framhliðinni á kornflexpakka og elda hafragraut. Kvöldið áður en það var farið í póstaleikinn þurftu skátarnir að finna póstana með hjálp korts, áttavita og hnita.



Einstein spurningakeppni

Eftir póstaleikinn tók við spurningakeppni með "Einstein-spurningum" og "Trivial pursuit" spurningum.

Eftir spurningakeppnina tók við sleikjukeppnin og þá fengu skátarnir 3-5 mínútur til að sleikja foringjana upp.

Einhverjir gengu svo langt að gefa þeim hálfan steiktan kjúkling. Þá um nóttina sváfu allir inni í kofanum sem var upphitaður og það fannst öllum betra en ísköld tjöldin sem flestir sváfu í fyrri nóttina.

Gömlu góðu refaveiðarnar

Daginn eftir var "refurinn", en það er þraut sem felst í því að finna ákveðinn stað með tækni sem var aðallega notuð fyrir daga GPS tækninnar. Svo fóru allir að borða góðgæti úr bakariinu í Mosfellsbæ.

Vífill komst á verðlaunapallinn

Í lokin var það verðlaunaafhendingin sem allir biðu eftir. Þar voru í boði ágætis verðlaun frá Fjallakofanum. Í fjórða sæti voru hitabrusar og strákar í Mosverjum fengu þau, í þriðja sæti voru hanskar og stelpurnar Ásta og Haffa í Vífli fengu þá, í öðru sæti voru höfuðljós og strákarnir Kristján og Haukur fengu þau og að lokum í fyrsta sæti voru strákar úr Mosverjum og fengu þeir mjög flotta göngustafi. Það voru líka aukaverðlaun fyrir sleikjuna og Haukur og Kristján unnu hana og í verðlaun var máltíð á einum þekktasta matsölustað Reykjavíkur, Bæjarins bestu. Því næst fóru allir heim og ég held að allir hafi skemmt sér mjög vel eftir vel heppnaða helgi.

Kristján Andri Gunnarsson



Dróttskátar Vífils



Dróttskátarnir koma víða víð

Dróttskátastarfið er mjög virkt og skemmtilegt, en foringjar eru Guðrún, Sigrún, Hermann og Jón Svan. Í dróttskátunum starfar hópur skáta úr Garðabæ og frá Álftanesi.



Kafað í Sundhöllinni

Fyrir ekki svo löngu síðan fóru dróttskátarnir úr Vífli og Svönum saman í köfun í Sundhöll Reykjavíkur. Það var mjög gaman, spennandi og frábær reynsla að hafa fengið að prufa þetta.

Kafa ofaní hlutina



Árshátíð sveitarinnar

Nýlega fengum við dróttskátarnir það verkefni að skipuleggja og halda árshátíð fyrir hópinn. Við sáum sjálf algjörlega um allan undirbúning. Við héldum hana í sal Jötunheima og úr varð fyrsta flokks árshátíð.

Jamboree á fjögurra ára fresti

Aldrei hafa fleiri skátar farið frá Íslandi á Jamboree eða Alheimsmót skáta, en um 420 skátar fóru á mótið, sem að þessu sinni var haldið í Englandi.

Af þeim fjölda voru 25 frá Vífli úr Garðabæ. Á mótinu voru hins vegar rétt rúmlega 50.000 þátttakendur frá öllum heimshornum.

Sérstök útilega á Alheimsmóti

Á mótinu fór ég í sérstaka fjögurra daga afmælisútilegu til að halda upp á hundrað ára afmæli skátastarfs.

Útilegan var haldin á Brownsea eyju rétt fyrir utan suður stönd Englands, en þar hélt Baden Powell fyrstu skátaútileguna árið 1907.

Hvert ríki sem átti fulltrúa af skátum á mótinu sendi tvo fulltrúa til eyjarinnar og ég var annar þeirra sem valinn var úr íslenska hópnum. Samtals voru um 360 skátar frá öllum heimshornum á Brownsea eyju, meðal annars frá Chile, Malasíu, Írlandi, Bandaríkjunum og Hong Kong svo fátt eitt sé nefnt.

Mikil dagskrá á Brownsea eyju

Á eyjunni reyndi fólk að kynnst eins og það gat, en skipuleggjendur mótsins höfðu útbúið dagskrá með það í huga að fólk kynntist öðrum þjóðum sem og hvert öðru sem best.

Á daginn gengum við um eyjuna í minni hópum og tókum þátt í dagskrárlíðum eins og að læra sirkusatriði og kynnst öðrum heimsálfum, en á kvöldin voru haldin böll í eldhústjaldinu og við skemmtum okkur langt fram á nótt.

Ekki kjöt og fiskur á boðstólum

Þó að Englendingar séu ekki frægir fyrir góða eldamennsku, þá var þarna ljómandi góður matur þó ekkert kjöt og enginn fiskur væri borinn fram, því mörg trúarbrögð banna kjötát svo ákveðið var að sleppa því.



Bein útsending um allan heim

Útilegan hlaut mikla fjölmiðlaumfjöllun enda markmiðið að sýna fram á að þjóðir heims gætu lifað saman í sátt og samlyndi og með því sýna fram á mikilvægi skátastarfs í heiminum í dag. Stemmningin sem ríkti á Brownsea eyju síðustu dagana, var vægast sagt skemmtileg enda mikil stemmning í hópnum og margir höfðu myndað góð

tengsl við félagana frá öðrum löndum. Þó að það hafi verið leiðinlegt að yfirgefa eyjuna, þá var gott að komast aftur á almenna mótsvæðið og hitta íslensku félagana aftur, borða kjöt og fara í sturtu, en engar slíkar höfðu verið í boði á eyjunni.

Hjálmar Örn E. Hinz.

Dreifing þjóðskrár og fyrirtækjaskrár



- Þjóðum reglulegar uppfærslur á þjóðskrá og fyrirtækjaskrá
- Sjálfvirkar uppfærslur daglega, vikulega eða mánaðarlega
- Þjóðskrárlausnir fyrir margar tegundir gagnagrunna
- Þjóðarsýn uppflattikerfið
- XML aðgangur



Tuttugasta sumarið !

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglunga sem eru á aldrinum 6 - 14 ára. Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátafélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 19 árum.

Dagskráin byggist upp á mikilli útvist og að sjálfsgöðu ekta skátastarfi.

Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaulkunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggis-reglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að



sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára.

Hvert námskeið er í eina viku í senn og á hverju námskeiði er nýtt þema.

Dagskrá námskeiðanna byggist hins vegar upp á tveggja vikna dagskrá og endar önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð.

Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátafélagsins Vífilsbúðar. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð, póstaleiki o.fl.

Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein okkar skátanna.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11 - 14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útvist og öðruvísi íþróttum t.d kassaklifri o.fl.

“Amazing race”

Þetta er í fimmta sinn sem Vífill tekur þátt í og heldur þennan viðburð með skátanámskeiðum nágrannasveitarfélaganna. Þessir dagar tókust mjög vel í fyrri og hefur félagið ákveðið að vera með þessa daga aftur. Tjaldað verður á



túninu við Hraunbyrgi, tjaldsvæði Hafnarfjarðar og fer dagskrá útilegunnar fram um allan Hafnarfjörð.

Tilgangurinn með þessum dögum er að kynna skátastarf enn frekar fyrir foreldrum og verðandi skátum. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að upplýsa foreldra um hvað skátastarf snýst.

Útilegan verður í júlí og er öllum þátttakendum sumarnámskeiðanna og skátum boðið að koma og taka þátt í dagskránni. Foreldrum er síðan boðið að taka þátt í stórskemmtilegri kvöldvöku um kvöldið. Upplýsingar um þennan viðburð verða birtar á heimasíðu félagsins í lok júní.

Nánari upplýsingar síðar

Dagsetningar verða auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar

Skráning á vefnum

Í fyrri var um 90% allra skráninga í gegnum vefsíðu Vífils og auðvitað verður hægt að skrá í gegnum www.vifill.is.

Einnig verður skráning í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.



Smíðanámskeið Vífils

Nú í sumar er fimmta sumarið sem Vífill hefur yfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar. Síðustu fjögur sumur hefur þetta gengið frábærlega, en Smíðanámskeið Vífils hefur hreinlega slegið öll met því síðasta sumar kom metfjöldi þátttakenda til smíðanna.

Dagskrá allan daginn

Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn.

Dagskráin er skemmtileg og alltaf nóg að gera. Ef ekki er verið að smíða þá er farið í leiki og Jötunheimar lagðir undir fyrir alla þá aðstöðu sem þarf. Salurinn niðri er nýttur fyrir mataraðstöðu og nóg er hægt að hafa fyrir stafni á námskeiðinu allan daginn.

Smíða kofa eða kassabíl

Eins og venjulega verður hægt að smíða stórhýsi eða kassabíl. Stórhýsi rúmast á lyftarabretti og því verður hægt að taka það með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima.



Tvær vikur í senn

Hvert námskeið verður tvær vikur í senn og er það góður tími til að smíða og leika.

Nánari upplýsingar síðar

Eins og með Útilífs- og ævintýra-námskeiðið, þá verða dagsetningar auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar

Skráning einnig vefnum

Auðvitað verður hægt að skrá sig í gegnum www.vifill.is.

Einnig verður skráning í sínum 899-0089 og 565-8820.



40 manna nefndin og afmælið

Fyrir 40 ára afmælið á síðasta ári var hóað í fyrrum félaga og tengiliði til að undibúa afmælis dagskrá.

Allir tóku vel í þetta og fljótlega fékk sí stækkandi hópurinn nafnið 40 manna nefndin. Klárlega sannaðist að margar hendur vinna létt verk.

Formleg afmælisveisla og afmælishátíð eldri félaga úr Vífli, voru verkefni sem hópurinn hristi fram úr erminni.

Stjórn Vífils þakkar öllum þeim sem lögðu til hjálparhönd. Nú biðum við spennt eftir 50 manna nefndinni fyrir fimmtugsafmælið !



Fyrsta Jötnamótið

All langt er síðan Vífilsmótin voru haldin, en nú síðasta sumar var hins vegar fyrsta Jötnamót Vífils. Það var haldið við Fossá hjá Úlfjótuvatni.

Á laugardagskvöldinu var Jötnahátíð þar sem Vífill og meðlimir úr Hjálparsvéit skáta úr Garðabæ héldu mikla grillveislu. Við notuðum tækifærið og fórum á kvöldvöku hjá stóra ylfingamótinu sem var á sama tíma á Úlfjótuvatni. Að henni lokinni var svo haldin Vífilskvöldvaka við Fossá og sjaldan hefur nú Vífill sungið eins hátt og þar.

Nú í sumar verður næsta Jötnamót haldið sem undirbúningur fyrir Landsmótið fyrir norðan og hvetjum við alla til að mæta þar. Aldrei að vita nema að þar verði fjölskyldubúðir !



Jólagleði Vífils

Það er orðinn fastur liður að rétt fyrir jólin er haldin Jólagleði Vífils.

Þá býður stjórn félagsins heiðursfélögum, fólki úr Baklandinu, foringjum, eldri skátum, bæjarstjórn Garðabæjar ásamt fleiri góðum gestum.

Skátakórinn kom og söng jólalög, og gestir gæddu sér á hangikjötinu og hlýddu á annál ársins þar sem farið var á léttu nótunum yfir það sem gerðist á árinu. Jónatan Svavarsson fyrrverandi félagsforingi kom færandi hendi og gaf 100 þúsund krónur sem "byrjunarsjóð" í uppbyggingu á nýrri Vífilsbúð.

Stjórn félagsins færir honum bestu þakkir fyrir



Prettándinn í Heiðmörkinni

Prettándavarðeldur Vífils er orðinn að föstum lið í jóladagskránni hjá mörgum. Um 120 manns gengu í blysför frá bílastæðinu í Heiðmörkinni inn að Vífilsbúð undir trommuslætti ungra skáta. Við Vífilsbúð var álíka hópur kominn og þegar búíð var að kveikja í myndarlegum varðeldi tók hljómsveitin að spila og syngja áramótalögin og skátalögin í bland.

Það yljaði gestum að fá kakó og kleinur á pallinum við Vífilsbúð, því kalt var í Heiðmörkinni.

Bara eitt hægt að segja að lokum..

... Sjáumst á næsta þrettánda !



Seinni félagsútilegan að Úlfjótuvatni

Núna í febrúar fóru skátasveitir eldri skáta í stóra útilegu í Þjórsárver, rétt fyrir austan Selfoss.

Dagskrá útilegunnar var hefðbundin, en þema útilegunnar var hins vega mjög óhefðbundið eða "Morðgáta".

Ótrúlega skemmtileg helgi og er sérstaklega bent á allar myndirnar á vef félagsins frá útilegunni.



Fékk forsetamerkið

Magnús Jökull Traustason úr Skátafélaginu Vífli var einn þeirra skáta sem fékk svokallað forsetamerki afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum síðastliðið haust.

Forsetamerkið fá eingöngu þeir aðilar sem klára röð verkefna sem spanna allt að tveggja ára starf.

Stjórn Vífils sendir Magnúsi og fjölskyldu hans innilegar hamingjuóskir !





GH Ljós
Garðatorg 7
210 Garðabæ
Sími 565-6560
gh@gh.is
www.gh.is

Garðatorg



Hjarta Garðabæjar



GARÐATORGI 7 - GARÐABÆ
Sími : 545-0800 - fax : 545-0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Fasteignasalan í Garðabæ

Stuttir fréttamolar

Nóg að gera allt árið !



Næg verkefni í Vífilsbúð

Vífilsbúð er alltaf vinsæll skátaskáli og gegnir stóru hlutverki bæði í sumar- og vetrarstarfi félagsins. Ýmislegt hefur verið gert í skálanum síðasta árið, en í haust var sérstök vinnuferð í skálann. Hress hópur skáta, foreldra og meðlima úr Baklandinu tóku nánast allan skálann í gegn og allt lagað sem hægt var að laga. Skipt var um ljós og raflagnir, málað og skúrað. Ný flaggstöng var sett upp og margt fleira. Auðvitað bíða svo nokkur verkefni vorsins og þá verður tekið aftur á því.



Skrifað undir á 40 ára afmælinu

Á 40 ára afmæli félagsins í apríl í fyrra var skrifað undir samstarfssamning Garðabæjar og Skátafélagsins Vífils um uppbyggingu Umhverfis- og útivistarmiðstöðvar Garðabæjar í Heiðmörk. Í framhaldi var skipaður undirbúningshópur sem komst að þeirri niðurstöðu að mæla með því að miðstöðin risi á Hjallaflötum. Skátar úr Vífli vona að framtíðar útilífssvæðið sé þarna fundið, en svæðið opnar margvíslega möguleika fyrir félagið og Garðbæinga alla.



Landsmót í sumar að Hömrum

Dagana 22. - 29. júlí í sumar verður haldið Landsmót skáta að Hömrum fyrir ofan Kjarnaskóg. Stór hópur skáta úr Vífli stefnir þangað og vonum við að foreldrar fjölmenni í fjölskyldubúðir. Minnum alla á að grillveisla Vífils verður kl. 18 laugardaginn 26. júlí og síðan verður farið beint á hátíðarvarðeldinn. Allir velkomnir. Sjá nánar www.vifill.is. og á www.skatar.is/landsmot2008



Árleg útilega í Bláfjallaskála

Alltaf að hausti fer allt félagið í heild sinni í félagsútilegu og í þetta skiptið var farið í skíðaskálann í Bláfjöllum. Mikill undirbúningur var búinn að vera í margar vikur á undan og hafði dróttskátasveitin og sveitarforingjar hennar veg og vanda af dagskrá útilegunnar.

Lagt af stað á föstudagskvöldi

Strax og komið var í skálann hófst dagskráin, en hún byggð upp af valþáttum og völdu flokkarnir hvað þeir ætluð að gera daginn eftir og þurfti að hugsa vel og lengi svo hægt væri að fara í sem flesta liði.

Hægt var meðal annars að fara í hellaferð, gönguferð eða í undirbúningshóp sem gerði allt klárt fyrir veislu kvöldsins því margt þurfti að undirbúa.

Drekaskátar komu á laugardeginum

Yngstu skátarnir komu svo á



laugardagsmorgni og tóku þátt í dagskránni fram eftir kvöldi, en fóru þá aftur í bæinn.

Mikill fjöldi var því í hátíðarveislunni sem gekk frábærlega fyrir sig, en margir úr Baklandinu ásamt duglegum foreldrum tóku nokkur snör handtök í eldhúsinu og matardreifingunni því mikið gengur á þegar stór hópur svangra skáta kemur í kvöldmatinn.



Kvöldvakan toppurinn

Á sígildri kvöldvöku koma allir hópar með skemmtiatriði og aðalmálið er að skemmta sér og öðrum. Í þetta skiptið eins og svo oft áður komu í ljós all svakalegir leiklistarhæfileikar.

Ómissandi næturleikur

Auðvitað er fastur punktur að allir fari í næturleikinn, en þá er skipt í lið og hoppað út í myrkrið og leyst verkefni til að bjarga heiminum og sem betur fer tókst það nú í þetta sinn í æsispennandi eltingarleik um svæðið.

Svo komu allir inn og fengu kakó og kek í verðlaun og svo var sofnað vært.

Sígildur sunnudagur

Ræs, morgunmatur, verkefni og útiöldun að ógleymdri tiltektinni. Örpreyttir skátar, foringjar og foreldrar komu svo í bæinn seinni part sunnudagsins. Sjá fleiri myndir á www.vifill.is !



Þessi fyrirtæki á Garðatorgi styrkja útgáfu blaðsins



www.video.is S: 565-6677



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680

**GLERAUGNAVERSLUN
GARÐABÆJAR**

GARÐATORGI

S: 534-2661

ILSE JACOBSEN • Hornbæk



S: 517-4806



Gardablóm S: 565-6722



S: 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is

Engilbert Ó H Snorrason
tannlæknir
Sími: 565-6844



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra !

Garðatorg



Hjarta Garðabæjar

OPIÐ

til **20**

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð